

## Meiri vinnu, lægri skatta og heilbrigðari stjórn máli!

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur megináherslu á að þjóðin öll taki nú höndum saman til að komast út úr því erfiða ástandi sem ríkir í íslensku samfélagi. Við verðum að taka af skarið og setja í forgang þau brýnu mál sem leysa vanda heimila og fyrirtækja í landinu og um leið standa vörð um velferðarþjónustu, menningu og menntakerfi þjóðarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn hvetur til þjóðarsáttar um lausn á bráðum skuldavanda heimilanna. Vandinn er margþættur og snúinn. Vænlegast til árangurs er að allir flokkar og mikilvæg hagsmunasamtök snúi bökum saman í leit að lausnum. Fólk í alvarlegum skuldavanda verður að fá hraða afgreiðslu sinna mála og fá skuldir og greiðslubyrði lækkaða þannig að viðráðanlegt verði.

Á þessum landsfundi leggur Sjálfstæðisflokkurinn megináherslu á þrennt:

- 1. Meiri atvinnu**
- 2. Lægri skatta**
- 3. Heilbrigðari stjórn máli**

Til að ná þeim markmiðum segjum við **JÁ** við:

- Kraftmiklu og fjölbreyttu atvinnulífi til að auka hagvöxt. Tillit verði tekið til umhverfismála við uppbyggingu atvinnulífs.
- Fjölbreyttu einkaframtaki, meðal annars á sviði heilbrigðis- og menntamála en þar er nú þegar mikill áhugi sem ekki má kæfa.
- Bættu viðskiptaumhverfi og heiðarlegum viðskiptaháttum, þar sem saman fara frelsi og ábyrgð. Sérstaklega ber að endurskoða starfsemi og starfsumhverfi fjármálafyrirtækja.
- Aðkomu erlendra aðila að fjárfestingu í atvinnulífinu. Eign og ráðstöfunarréttur á auðlindum er og verði í höndum þjóðarinnar.
- Uppbyggingu stóriðju og orkufreks iðnaðar.
- Hagstæðu rekstarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- Lýðræðislegri ákvarðanatöku og gagnsæi. Almenningsur á að fá tækifæri til að hafa meiri áhrif á eigin hag, bæði með auknu valfrelsi og aðkomu að ákvarðanatöku hins opinbera. Jafnframt ber í auknum mæli að bera stærri mál undir þjóðaratkvæði. Sjálfstæðisflokkurinn setur fram þá skýru kröfu að umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka án tafar.
- Aukinni virkni í starfi Sjálfstæðisflokksins, stefnumótun og vali í trúnaðarstöður.
- Að verðbólga, langtímavextir, halli á rekstri ríkissjóðs og heildarskuldir eigi að vera sambærileg og þau lægstu í helstu viðskiptalöndum Íslands.
- Virðingu fyrir dómstólum landsins.
- Sátt um gengislán og verðtryggingu. Setja þarf í forgang þau dómsmál sem upp kunna að koma í kjölfar hæstaréttardóma um gengisbundin lán og láta dómstóla ráða niðurstöðunni.
- Að allra leiða verði leitað til þess að afnema gjaldeyrishöft hið fyrsta.
- Tillögu alþingismanna flokksins um stofnun aflaráðgjafarnefndar sjómanna.
- Að íslensku þjóðinni vegni best utan ESB.

Við segjum hins vegar **NEI** við:

- Hærrí sköttum til að brúa fjárlagahallann. Mikilvægara er að hafa skýra forgangsröðun í ríkisútgjöldum og ná víðtækri samvinnu um sparnaðaraðgerðir.
- Ríkisforsjá og óeðlilegum viðskiptaháttum.

- Fyrningarleiðinni sem mun rústa sjávarútveginum en við viljum að fiskveiðiréttur verði skilgreindur til langs tíma.
- Löglausum kröfum Breta og Hollendinga í Icesave málinu.
- Vegferð ríkisstjórnarinnar inn í ESB, enda er mikilvægara nú að stjórnsýslan setji alla sína krafta í að leysa aðkallandi hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Þjóðin á að hafa fyrsta og síðasta orðið um hvort aðildarferlinu sé haldið áfram.
- Óhóflegum styrkjum, þ.m.t. ríkisstyrkjum, til stjórnmalaflokka og frambjóðenda sem dæmi eru um síðastliðin ár.
- Illa ígrunduðum niðurskurði í velferðar- og menntamálum.